

REGLUGERÐ

58

6. maí

um breyting á reglugerð nr. 202 31. des. 1957 um iðgjöld til slysatryggingadeildar almannatrygginga og skiptingu starfa og starfsgreina í áhættuflokka.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vikugjald í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjald kr. á viku
1.	1.00
2.	1.50
3.	2.50
4.	4.00
5.	5.50
6.	8.00
7.	10.00
8.	12.00
9.	15.00
10.	33.00
11.	36.00

2. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 10. áhættuflokki (vikugjald kr. 33.00) teljast:

Áhafnir flutningaskipa 100 lesta og stærri.

3. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í 11. áhættuflokki (vikugjald kr. 36.00) teljast:

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta og stærri.

Áhafnir flutningaskipa undir 100 lestum, en ekki undir 12 lestum.

Reglugerðarbreyting þess staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 27 6. maí 1959, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, og gildir frá 1. janúar 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1959.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.